

Fréttabréf Foreldrafélags Sunnulækjarskóla



„**Efdu barnið þitt – örnámskeið fyrir foreldra**“ var haldið 16. mars og var vel sótt. Þar kynntu Bjarni Fritzson og Kristín Tómasdóttir m.a. leiðir fyrir foreldra til að efla sjálfsmynd barna og unglinga.

Foreldrarölt Árborg - facebook síða hefur verið opnuð fyrir alla sem vilja og hafa áhuga á forvörnum og stuðningi við unga fólkið. Foreldraröltið hefur verið auglýst á síðunni og búinn til viðburður fyrir hvert föstudagskvöld, þar geta áhugasamir bæði merkt að þeir ætli sér að taka þátt eða bara mætt á auglýstum tíma og gengið með hópnum. Allir eru velkomnir með og þetta hefur verið vel sótt og skemmtilegt.
<https://www.facebook.com/groups/foreldrarolt/?fref=ts>

Greiðsluseðlar eru margir enn óinnheimtir og viljum við hvetja alla foreldra/forráðamenn til að kíkja í valgreiðslur í heimabönkunum. Þetta eru bara 1000 kr á heimili en við getum gert gífurlega mikið fyrir krakkana okkar í krafti fjöldans.

Aðalfundur félagsins var haldinn 10. maí og urðu mannaskipti þar sem Inga Dóra, Álfheiður og Heiða Ösp láta af störfum en Guðrún Hrafnildur Klemenzdóttir, María Berg Guðnadóttir og Margrét Anna Guðmundsdóttir inn í þeirra stað.

Næsti fundur nýrrar stjórnar verður nánar auglýstur síðar, en venjan er fyrir nýja stjórn að hittast og kynnast í byrjun júní.

Gleðilegt sumar!



Verum dugleg að lesa með börnunum okkar í sumar, hvað sem er, bara eitthvað skemmtilegt.